



Fundargerð 5. fundar stjórnar SSA, haldinn 1. október 2019.

Fundurinn var haldinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum og hófst hann kl. 14:00.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson formaður, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Boðuð voru Pálína Margeirsdóttir og Gunnar Jónsson sem komust ekki. Í þeirra stað voru boðaðir varamenn, þær Berglind Harpa Svavarsdóttir og Eydís Ásbjörnsdóttir.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og var gengið til eftirfarandi dagskrár.

1. Fundur stjórnar SSA með þingmönnum kjördæmisins í kjördæmaviku
2. Fundargerðir, erindi og ályktanir
 - 2.1 Fundargerð frá 4. fundi stjórnar SSA 2019-2020.
 - 2.2 Fundargerðir stjórnar SSH (474), SSV (147), SSNV (47), Eyþing (325), SSS (747,748).
 - 2.3 Fundargerð framkvæmdaráðs SSA.
 - 2.4 Fundargerð samgöngunefndar 9.9 og 23.9.
 - 2.5 Fundargerð geðheilbrigðishóps 24.9.
 - 2.6 Erindi vegna Múlapingis.
 - 2.7 Upplýsingar í framhaldi af fundi með HSA.
 - 2.8 Fundargerð byggðamálaráðs.
3. Innra starf SSA
 - 3.1 Haustþing SSA
 - 3.1.1 Dagskrá.
 - 3.1.2 Menningarverðlaun.
 - 3.1.3 Þóknun vegna nefndarstarfa skv. ályktun vorfundar.
 - 3.1.4 Ályktanir – undirbúningur fyrir haustþing 2019.
4. Umsagnir
 - 4.1 Umsögn um fjárlög 2020.
5. Önnur mál

1. Fundur stjórnar SSA með þingmönnum kjördæmisins í kjördæmaviku
Þessi fundarliður fór fram kl. 11:30-12:00 í Valaskjálfi á Egilsstöðum
Mættir þingmenn kjördæmisins voru: Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Logi Már Einarsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Anna Kolbrún Árnadóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir og Þórarinn Ingi Pétursson.

Formaður og stjórnarmenn SSA fóru yfir áherslumál sveitarfélaga á svæðinu. Umræður voru um samgöngumál og almenningssamgöngur, nýsköpun og atvinnumál, sóknaráætlun, menntamál, raforkumál, fráveitumál, skógrækt, umhverfismál og eflingu sveitastjórnarstigsins. Þá lýsti SSA yfir áhyggjum af fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2020 m.t.t. stöðu stofnana á Austurlandi.

Þingmenn settu fram ýmsar spurningar sem stjórnarmenn brugðust við.

Í lok fundar borðaði stjórn hádegisverð með þingmönnum kjördæmisins þar sem umræðurnar héldu áfram.

2. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 2.1 Fundargerð frá 4. fundi stjórnar SSA 2019-2020 staðfest af stjórn.
- 2.2 Fundargerðir stjórnar SSH (474), SSV (147), SSVN (47), Eyþing (325), SSS (747,748) lagðar fram til kynningar.
- 2.3 Fundargerð framkvæmdaráðs SSA lögð fram til kynningar.
- 2.4 Fundargerð samgöngunefndar 9.9 og 23.9 lagðar fram til kynningar.
- 2.5 Fundargerð geðheilbrigðishóps 24.9 lögð fram til kynningar.
- 2.6 Erindi vegna Múlaþings.
Formaður lagði fram til kynningar bréf frá Sigurjóni Bjarnasyni. Stjórn var sammála um að halda áfram viðræðum við Sigurjón og felur framkvæmdaráði að vinna málið áfram.
- 2.7 Upplýsingar í framhaldi af fundi með HSA.
Formaður fór yfir niðurstöður fundarins og er framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með framkvæmdastjóra Framkvæmdasýslu ríkisins.
- 2.8 Fundargerð byggðamálaráðslögð fram til kynningar.

3. Innra starf SSA

3.2 Haustþing SSA

- 3.2.1 Dagskrá.
Formaður leitaði eftir tilnefningum að nýjum fundarstjóra vegna forfalla og var framkvæmdastjóra falið að setja sig í samband við aðila. Dagskrá haustþings lögð fram til kynningar og farið yfir ýmis mál tengd skipulagi þingsins.
- 3.2.2 Menningarverðlaun.
Formaður lagði til að kosið yrði með því að senda framkvæmdastjóra tölvupóst fyrir fimmtudaginn 3. október og var það samþykkt.
- 3.2.3 Þóknun vegna nefndarstarfa samkvæmt ályktun vorfundar.
Framkvæmdastjóri kynnti samantekt er varðar þóknanir stjórnarmanna í öðrum landshlutum og starfsreglur. Stjórn samþykkir að áfram verði unnið að samantektinni á grundvelli umræðna á fundinum er varða þóknun til nefndarstarfa. Þá mun stjórn skoða saman launakjör stjórnarmanna í SSA og Austurbrú með gagnsæi í huga og í samhengi við skyldur stjórnarmanna samkvæmt starfsreglum.
- 3.2.4 Ályktanir – undirbúningur fyrir haustþing 2019.



Formaður lagði til að drög að ályktunum yrðu send út á stjórnarmenn og framkvæmdastjóri safnaði saman ábendingum og uppfærði í samræmi við áherslur stjórnar. Stefnt er að því að ályktanir sem lagðar verða fyrir haustþingið af hálfu stjórnar og vísað til nefnda verði sendar á sveitarfélögin þann 7. október til undirbúnings fyrir haustþingið. Séstaklega var farið yfir þegar innsendar áherslur frá samgöngunefnd, Seyðisfjarðarkaupstað og geðheilbrigðishóps.

Gauti Jóhannesson yfirgaf fundinn kl 17:00.

4. Umsagnir

4.1 Umsögn um fjárlög 2020.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að uppfæra umsögnina í takt við umræður og senda drög til stjórnar til endanlegrar samþykktar og innsendingar í framhaldinu.

5. Önnur mál

5.1 Viðaukar við sóknaráætlun 2020-2024.

Stjórn SSA samþykkir að fjárframlög MMR til menningarmiðstöðvanna og Miðstöðvar menningarfræða verði áfram viðaukar við sóknaráætlun SSA.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:11

Einar Már Sigurðarson

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Sigríður Bragadóttir

Eydís Ásbjörnsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson